

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 1 af 2	Fundargerð Skólanefnd #3	
	12. febrúar 2025	

Mættir: Björg, Guðmundur, Ingibjörg, Eysteinn, Steinþór, Gerður og Tinna

Forfallaðir: Svandís og Írena

Staður og tími: N-101 12.02.2025 kl. 12:00

Fundarefni:

Efnisatriði	Ábyrgð/dags. lokið ef við á:
1. Skólanámskrá: Guðríður sagði frá því að verið sé að endurskoða skólanámskrá skólans. Soffía Ófeigsdóttir íslenskukennari ritstýrir verkefninu sem er stórt og viðamiklað en einn kafli er tekinn fyrir í einu.	
2. Fjármálin: Fjármálastjóri fór yfir fjármál 2024. Gleðiefni að skólinn er með ca. milljón í hagnað eftir árið 2024. Hagnaðurinn fer hins vegar upp í halla sem hvílir á skólanum.	
3. Skólastarfið: Tyllidagar: Í dag 12. febrúar er Tyllidagur. Kennsla er brotin upp, kennarar og nemendur vinna skemmtileg verkefni saman sem endar með tyllidagakvöldi þar sem nemendur koma að kvöldi til saman í skólanum og eiga góða stund saman.	
4. Opið hús og Mín framtíð: Krisín Hrönn er verkefnastjóri og heldur utan um framkvæmdina. Mikill undirbúningur er í gangi.	
5. Framkvæmdir: Vonandi verður bókasafnið tekið í gegn í sumar en þá verður rýmið aðlagða að störfum starfsmanna og nemenda. Munaskápar	

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi Fundargerð Skólanefnd #3 12. febrúar 2025	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 2 af 2		

eru úr sér gengnir og mun innkaupastjóri skólans óska eftir tilboðum í slíka skápa. Ef gott tilboð fæst munum við skoða að kaupa slíka skápa.	
6. Námsefnisgerð í verklegum greinum: Gaman að segja frá nýrri matreiðslubók sem kennarar í matreiðslu gáfu út. Kennarar í bakstri vinna einnig að því að uppfæra námsefni í bakstri og framreiðslukennarar hafa óskað eftir styrk til þess að gefa út námsefni í framreiðslu. Verknámið: Unnið er að því að skipta niður stórum áföngum í smærri áfanga. Framreiðsludeild vinnur einnig í því að setja saman valáfanga fyrir nemendur sem eru í almennu bóknámi. Stefnt er að því að bjóða upp á þennan valáfanga á næstu haustönn.	
Önnur mál: Meistaradagurinn gekk vel og nemaleppnir voru haldnar hér í skólanum síðustu helgi og fóru þær vel fram. Fjallað var um að hafa meira samstarf á milli skólans, bæjarins og íþróttafélaga í bænum. Nefndarmenn komu með hugmyndir um að samstarf væri t.d. á stórum hátíðum svo sem þorrablóti íþróttafélagana og fleiri álíka viðburðum. Öllum líst vel á hugmyndirnar en spurning hvernig hægt er að útfæra þær.	

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 13:15
Fundargerð hélt: Guðríður Hrund

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026